

Vortónleikar Karlakórs KFUM

Í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg - 1. maí 2018

Stjórnandi: Laufey G. Geirlaugsdóttir

Píanóleikari: Ásta Haraldsdóttir

1. Ársól björt um landið ljómar

2. Mikli Drottinn, dýrð sé þér

3. Nú sonur Guðs á sigurför

4. Ó, þú sem elskar æsku mína

5. Eins og hind

6. Engin hryggð

7. Ég heyri raust

8. Amazing Grace

9. Vorið góða

10. Ég vil elska mitt land

11. Ísland, Ísland, eg vil syngja

12. Þú Íslandslýður

13. Í hallargarði

14. Heilaga víska

15. Vorvísa

16. Hallelúja

17. Úr útsæ rísa

18. Ég er kominn heim

Aukalag: Áfram Kristsmenn, krossmenn

1. Ársól björt

Ársól björt um landið ljómar!

Fornrar tíðar frelsismál

færir vakning ungrí sál.

Nýja tímans töfrahljómar

tendra' í hjörtum vonarbál.

Viðlag:

Rísúm því með gleðigný,

grípi' oss alla hrifning ný,

fylkjum oss um fánann brátt,

frelsismerkið reisum hátt;

beri' oss áfram brennheit trú,

brunum fram til verka nú,

ekkert hræðumst, allir þræðum upp til hæða

djarft með söng, gegnum þröng

gljúfragöng.

Vinum heit á vonarstundu.

Fylgjum því sem fagurt er,

fórnum því sem vera ber,

fyrir vora fósturgrundu

framar enginn hlífi sér!

Starfi hver með fullu fjöri!

Máli góðu leggi lið,

leti' og deyfð ei veitist grið,

sérhver skyldu sína gjöri,

sæmd þar hvers eins liggur við.

Fyrir Guð og ættjörð iðjum!

Ekkert hált og ekkert deilt,

ekkert kveifarlegt og veilt!

Um það biðjum, að því styðjum,

að allt sé göfugt, satt og heilt.

Friðrik Friðriksson

2. Mikli Drottinn

Mikli Drottinn, dýrð sé þér,
dásemd þína' um aldaraðir
ásamt þínum englaher
allir lofa viljum glaðir,
falla þína fótskör á,
faðir, þína dýrð að sjá.

Lát þitt ríki lýsa vítt
löndin yfir frið að veita,
láttu fæðast lífið nýtt,
ljós þitt vorum hjörtum breyta,
láttu yfir lönd og höf
ljóma þína sigurgjöf.

Helgur andi, heiður þér
hver ein tunga' á jörðu færi.
Faðir, Guð, vér þökkum þér,
þér og Jesús, bróðir kæri.
Ástar þinnar eilíft ljós
oss sé blessun, vörn og hrós.

Ignaz Franz – Friðrik Friðriksson

3. Nú sonur Guðs á sigurför

Nú sonur Guðs á sigurför,
með sæmd og tignar glans,
hér ríður fram með fríðri sveit,
er fylgir merkjum hans.
Hans augu ljóma leiftursnör,
og leynst þeim ekkert fær,
en gneistar sindra' af sverði hans,
sem synd til jarðar slær.

Hann ríður fram með fylktum her,
svo foldin skelfur við,
og gullinfánnum fylgir hans
hið fríða hetjulið.
Og píslarvottar prýða sveit,
þeir pynding þoldu' og neyð,
með söng í hjarta' og sanna trú
og sigurgleði' í deyð.

Og æskulýðsins bestu blóm,
sem blómgast hér í heim,
sér velja þegar vegsemd þá
að vera' í skara þeim,
er svífur konungsfáninn fram,
þeir flýta sér af stað,
að þjóna Kristi' og kirkju hans,
þeir kjósa hlutverk það.

Og sonur Guðs á sigurför
þeim sendir þessi boð:
„Þér ungu menn, ég óska mér
af yður lið og stoð.“
Þá svara góðir sveinar strax:
Ó, sjá þú, Drottinn, oss.
Vér allir viljum vígjast þér
og verja' hinn helga kross.“

Friðrik Friðriksson

4. Ó, þú sem elskar æsku mína

Ó, þú, sem elskar æsku mína
og yfir hana lætur skína
þitt auglit bjart, lát aldrei dvína
þá ást, sem leiðir, annast mig
um ævi minnar stig.

Ó, þú, sem leiðir lífsins strauma,
ég legg í hönd þér viljans tauma
og alla mína æskudrauma.
Ég hlusta' í djúpri þögn á þig,
er þú vilt fræða mig.

Ó, gjör mitt hjarta' að hörpu þinni,
svo hægt sem fljótt í sálu minni
ég heyri leikið, leik þar inni
af íþrótt lög, sem einn þú nær,
er ást þín strengi slær.

Friðrik Friðriksson

5. Eins og hind

Eins og hind leitar lindarvatnsins
þannig leitar hjarta mitt,
Guð, að þér uns það fyllist friði,
er það finnur upphaf sitt.

Kór:

*Skjöldur, hlíf mín og hjálp ert þú.
Mín heitust löngun og bæn er sú,
Drottinn, einum að þóknast þér
og að þjóna hvar sem er.*

Konungstign þín er öllum æðri,
samt þú elskar sérhvern mann,
ert sá bróðir og besti vinur,
sem ei bregst, þótt svíki hann.

Gull og silfur ég girnist ekki,
því mín gæfa er í þér,
gleðilindin, er lengi' eg þráði,
sem allt lífið endist mér.

Lilja S. Kristjánsdóttir

- tenórar syngja txt

- bassar: ú ...

- bassar: ú ...

- Allar raddir

- Allar raddir

- bassar: ú ...

- bassar: ú ...

- tenórar syngja txt

- bassar: ú ...

- bassar: ú ...

- tenórar syngja txt

- bassar: ú ...

- bassar: ú ...

6. Engin hryggð

Við heyrum enn:
heimur líða mun undir lok.
Það gerist senn:
endursköpun við aldalok.
Horfið er böll
sem reyndist bugandi þraut
banvænni illsku er vísað á braut.

Viðlag:

*Engin hryggð, engin tár,
ekkert húm, enginn sjúkur og sár.
Við syngjum lof og lútum þér,
þú Guðs lamb, einum þér allur heiður ber.*

Já, litist um:
lúta þjóðir og tigna Guð.
Í lofsöngnum
lofgjörð konungsins fullkomnuð.
Eitt og eitt nafn
þá upp er lesið um sinn
Ég óttast eigi, ég þekki konunginn!

Viðlag: *Engin hryggð, engin tár...*

Og sjáðu hér,
bústað hefur hann búið mér.
Mín blessun er
að hann bauð eilíft líf með sér.

Viðlag: *Engin hryggð, engin tár, ...*

∴; þú Guðs lamb, einum þér allur heiður ber. ∴;

Guðlaugur Gunnarsson þýddi

7. Ég heyri raust

Forspil

Ég heyri raust, sem hljóðlát til mín talar.
Hún tendrar ljós og birtu' um myrkur svið.
∴; Og ómur hennar sárum þorsta svalar
og sendir inn í hjartað djúpan frið. ∴;

Tenórar: Ég heyri' og sé þann hirði góða benda
á hvíta akra' er skortir verkamenn.

Ten+1.ba: Ég heyri' hann spyrja: „Hvern á ég að senda

Allir: til hjálpar meðan dagur ljómar enn?“

Ég heyri' hann spyrja: „Hvern á ég að senda,

(1.ba ekki) (til hjálpar) meðan dagur ljómar enn?“

Og þetta kall ég finn um æðar fara
mig fylla þrá að velja þjónsins stig,
∴; og ég veit ekkert sælla' en fá að svara:
„Hve sælt, ó Guð, ef þú vilt nota mig.“ ∴;

Bjarni Eyjólfsson

8. Amazing Grace

Amazing grace, how sweet the sound
that saved a wretch like me.
I once was lost, but now I'm found,
was blind, but now I see.

Twas grace that taught my heart to fear,
his grace my fears relieved.
How precious did that grace appear
the hour I first believed.

Millispil

Trough many dangers, toils and snares,
I have already come.
Twas grace that brought me safe this far
and grace will lead me home.
∴ And grace will lead me home. ∴

Negrasálmur

9. Vorið góða

Það seytlar inn í hjarta mitt
sem sólskin fagurhvítt,
sem vöggukvæði erlunnar,
svo undur fínt og blítt, **(og blítt)** **(Bassar)**
sem blæilmur frá víðirunni,
- vorið grænt og hlýtt.

(Veikar)

Ég breiði' út faðminn, heiðbjört tíbrá
hnígur mér í fang.
En báran kyssir unnarstein
og ígulker og þang. **(og þang)** **(Bassar)**
Nú hlæja loksins augu mín,
- nú hægist mér um gang.

Því fagurt er það, landið mitt,
og fagur er minn sjór.
Og aftur kemur yndi það,
sem einu sinni fór. **(og brátt)** **(Bassar)**
Og bráðum verð ég fallegur
- og bráðum verð ég stór.

Jóhannes úr Kötlum

10. Ég vil elska mitt land

Ég vil elska mitt land,
ég vil auðga mitt land,
ég vil efla þess dáð, ég vil styrkja þess hag.
Ég vil leita' að þess þörf,
ég vil létta þess störf,
ég vil láta það sjá margan hamingjudag.

Þetta' er játningin mín,
kæra móðir til þín. –
Ég get miklast af því, að ég sonur þinn er.
Það er svipurinn þinn
er í sál mér ég finn.
Hann er samgróinn öllu því besta hjá mér.
Guðmundur Magnússon (Jón Trausti)

11. Ísland, Ísland eg vil syngja

Ísland, Ísland eg vil syngja
um þín gömlu traustu fjöll.
Þína hýru **dali**, heiðardali,
hamraskjól og vatnaföll.
Þína fögru fjarðarboga,
frjálsan blæ og álftasöng,
vorljós þitt og vetrarloga,
vallarilm og birkigöng.

(feitletr: bara bassar)

Ísland, Ísland eg vil búa
alla stund í faðmi þér.
Huga minn og **hjarta**, hjarta áttu
hvert sem vængi lífs míns ber.
Vætta tryggðin vaki yfir
vogum þínum, hlíð og strönd
;,: meðan ást og óður lifir
og í norðri blómgast lönd. ;,:

(feitletr: bara bassar)

Hulda

12. Þú Íslandslýður

A a-a-a ...

Þú Íslandslýður, ó, lít til baka,
þótt logheit sviði á hvörmum tár,
því harmar tíðum og hungurvaka
:,: hér háðu stríð sitt í þúsund ár. :,:

Og frelsisblómin þín fyrnska hylur,
og frægðarljóminn hlaut banasár.
Með sorgarrómi vor saga þylur
:,: um sundrung tóma í þúsund ár. :,:

En nótt er liðin, nú ljómar dagur,
svo lúttu' ei niður með signar brár.
Ef Guð þú biður, þá breytist hagar
:,: og blómgast friður í þúsund ár. :,:

Ef hátt þú stefnir og hræðist eigi
og hrindir svefni og þerrar tár,
og Herrann nefnir til halds á vegi
:,: hann heit sín efnir í þúsund ár. :,:

Friðrik Friðriksson

13. Í hallargarði

Lagboði: Poor man Lasrus - Negrasálmur

Í hallargarði, duldist ég hræddur.
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
er eldur **úti fyrir** brann.
Ég vildi ei lengur við Drottin minn kannast.
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
er eldur **úti fyrir** brann.
:,: Eldur úti fyrir brann.:,:
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
er eldur úti fyrir brann.

Þá þerna mælti: „Þú Drottin þekkir.“
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
er eldur **úti fyrir** brann.
Loks annar þjónn kallar: „Víst þú hann þekkir.“
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
er eldur **úti fyrir** brann.
:,: Eldur úti fyrir brann.:,:
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
er eldur úti fyrir brann.

„NEI, ég ei þekk' 'ann, aldrei hef hitt hann.“
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
þá eldur **innra með mér** brann.
Já, þrívegis sór ég og sárt við lagði.
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í – hjarta fann,
þá eldur **innra með mér** brann. // *Coda*
:,: Eldur **innra með mér** brann.:,:

- (framhaldið ólíkt eftir röddum)

1. rödd: Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann,
þá eldur innra með mér brann.
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann. (3x)
Þá eldur innra með mér brann.
∴ Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann,
þá eldur innra með mér brann.∴

2. rödd: Huglaus ... (þögn)
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann,
þá eldur innra með mér brann. (stutt þögn)
Það í [] hjarta fann.
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann.
∴ Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann,
þá eldur innra með mér brann.∴

3. rödd: Huglaus ... (þögn)
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann,
þá eldur innra, það í [] hjarta fann.
Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann.
∴ Huglaus sveik ég Guð og mann, það í [] hjarta fann,
þá eldur innra með mér brann.∴

Þórarinn Björnsson

14. Heilaga vissa

Heilaga vissa, hirðirinn minn
herrann er sjálfur, gleði ég finn.
Lifandi staðreynd orðin það er:
Endurlausn Jesús vann handa mér.

Viðlag:

*Gleði míns hjarta orðinn hann er,
óslitin lofgjörð Jesú því ber.
Síðar á himni lofa ég hann,
hjálpræði' og náð er sekum mér vann.*

Öllu ég sleppti. Allt með því vann,
eilífa lífið, Jesúm, ég fann,
himnana opna' og engla ég sá
unaðsboð flytja himninum frá.

Örugga hvíld nú eignast ég hef.
Engan um meiri gæði ég kref.
Sál mín er frelsuð, fyrir mig galt
frelsarinn Jesús – hann er mér allt.

Frances Jane Crosby – Bjarni Eyjólfsson

15. Vorvísá

Tinda fjalla,
áður alla
undir snjá,
sín til kallar sólin há;
leysir hjalla,
skín á skalla,
skýi sem að brá
og sér fleygði frá.

Tekur buna
breið að duna
björgum á,
græn því una grundin má;
viður hrúna
vatnafuna
vakna lauf og strá –
seinna seggir slá!

Snjórinn eyðist,
gata greiðist,
gumar þá
– ef þeim leiðist – leggja á;
hleypa skeið
og herða reið
og hrinda vetri frá;
hverfur dimmu dá.

Ekkert betra
eg í letri
inna má –
svo er vetri vikið frá;
uni fleti
hvur sem getur
heimskum gærum á. –
Önnur er mín þrá.

Jónas Hallgrímsson (samið 1845, alls 9 erindi)

16. Hallelúja

Þú gafst mér Jesús gleði og frið,
ég gat sem barn þig talað við
og sorgin aldrei ýfði sálu mína.
Tilveran var traust og hlý,
tært var loftið, hvergi ský
og tilvalið að hrópa hallelúja.

Viðlag: Hallelúja (4x) en (8x eftir síðasta erindið).

Táningsára öldurót
eftir það mér kom í mót.
Bjartar vonir brugðust eins og gengur.
Oft var kalt og oft var heitt,
eigi skildi' eg þetta neitt.
En samt ég reyndi' að segja hallelúja.

Nú leiðst við höfum langan veg,
ljúfi Jesús, þú og ég,
þú gafst mér styrk, ég stóð í skjóli þínu.
Er vinir brugðust, von og þrá,
varstu Drottinn enn mér hjá,
skýli mitt og skjöldur, hallelúja.

- Hækkun -

Þú barst mig gegnum erfið ár
og öll mín græddir hjartasár.
Enginn vinur er sem Drottinn Jesús.
Er burt hann fór, hann býr mér stað
og brátt ég fæ að reyna það
í sölum þeim að syngja hallelúja.

Jóhanna Karlsdóttir

17. Úr útsæ

Úr útsæ rísa Íslands fjöll
með eld í hjarta þakin mjöll
og brim við björg og sand.
Þó mái tíminn margra spor,
þá man og elskar kynslóð vor,
sitt fagra föðurland,
sitt föðurland.

Við tölum íslenskt tungumál.
Við tignum Guð og landsins sál
og fornan ættaróð.
Þeir gjalda best sinn gamla arf,
sem glaðir vinna þrotlaust starf,
til vaxtar vorri þjóð,
til vaxtar þjóð.

Á meðan sól að morgni rís,
og máni silfrar jökulís
og drengskapur er dyggð,
skal fólkið rækta föðurtún
og fáninn blakta efst við hún,
um alla Íslandsbyggð,
um Íslands byggð.

Davíð Stefánsson

18. Ég er kominn heim

A og Ú = langar nótur

a og ú = hálfnotur (oftast nær) * = stutt nóta

- = þagnir

1. ten.: - Ú Ú Ú Ú
2. ten.: Er völlum grær og vetur flýr og vermir sólin grund.
1. ba.: - Ú Ú Ú ú ú
2. ba.: - Ú Ú Ú ú ú

1. ten: a a A a a a
2. ten.: - Kem ég heim og hitti þig, verð hjá þér alla stund.
1. ba: A A A a
2. ba: a a a a a a a

1. ten: Hjá þér alla stund.
2. ten.: - Við byggjum saman
1. ba: Hjá þér alla stund.
2. ba: Hjá þér alla stund.

1. ten: Ú Ú ú **
2. ten.: bæ í sveit sem blasir móti sól. -
1. ba: Ú Ú Ú
2. ba: Ú Ú Ú

1. ten: a a A a a a
2. ten.: - Þar ungu lífi landið mitt mun ljá og veita skjól.
1. ba: A A A a
2. ba: a a a a a a a

1. ten: - - - a
2. ten.: - - veita
1. ba: - og veita
2. ba: Ljá og veita

Allir: Sól slær silfri á voga, sjáðu jökulinn loga. Ú.

Allt er bjart fyrir okkur tveim, því ég er kominn heim.

1. ten: - Að ferðalokum finn ég þig sem mér

2. ten.: a Ú Ú

1. ba: a Ú Ú

2. ba: a Ú Ú

1. ten: fagnar höndum tveim. a a A

2. ten.: Ú Ú - Ég er kominn heim, -

1. ba: Ú ú ú A A

2. ba: Ú ú ú a a a a

1. ten: a a a - - - a

2. ten.: - já, ég er kominn heim, - - - veita

1. ba: A a - og veita

2. ba: a a a Ljá og veita

Allir: Sól slær silfri á voga, sjáðu jökulinn loga. Ú.

Allt er bjart fyrir okkur tveim, því ég er kominn heim.

1. ten: - Að ferðalokum finn ég þig sem mér

2. ten.: a Ú Ú

1. ba: a Ú Ú

2. ba: a Ú Ú

1. ten: fagnar höndum tveim. a a A

2. ten.: Ú Ú - Ég er kominn heim, -

1. ba: Ú ú ú A A

2. ba: Ú ú ú a a a a

1. ten: a a a. - Ég er kominn heim.

2. ten.: - já, ég er kominn a. - Ég er kominn heim.

1. ba: A a. - Ég er kominn heim.

2. ba: a a. - Ég er kominn heim.

Aukalag - Áfram Kristsmenn, krossmenn

Áfram, Kristsmenn, krossmenn,

kóngsmenn erum vér.

Fram í stríðið stefnið,

sterki æskuher.

Kristur er hinn krýndi

kóngur vor á leið;

sjáið fagra fánann

frelsis blakta' á meið.

Kór:

Áfram, Kristsmenn, krossmenn,

kóngsmenn erum vér.

Fram í stríðið stefnið,

sterki æskuher.

Gjörvöll Kristí kirkja

kveður oss með sér.

Fjendur ótal eru,

ei þó hræðast ber.

Konungsstólar steypast,

stendur kirkjan föst,

bifast ei á bjargi

byggð, þótt dynji röst.

Komið, allar álfur,

allra þjóða menn!

Veitið oss að vígi,

vinna munum senn.

Allar englatungur

undir taki' í söng:

Dýrð og lof sé Drottni,

dýrð í sæld og þröng.

S. Baring-Gould – Friðrik Friðriksson